

Ársskýrsla 2020

Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM)

Stakkahlíð, 105 Reykjavík

Sími 525 5950, Fax 525 5599

Forstöðumaður: Sólveig Jakobsdóttir prófessor, netfang: sojak@hi.is

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn stofunnar (til þriggja ára frá vori 2018): Dr. Sólveig Jakobsdóttir, prófessor (formaður), dr. Þuríður Jóhannsdóttir, prófessor; Salvör Gissurardóttir, lektor; Skúlína Hlíf Kjartansdóttir (fulltrúi framhaldsnema). Stuðningsaðilar eru 3f - félag um upplýsingatækni í menntun, Heimili og skóli og Menntamiðja með eftirfarandi áheyrnarfulltrúa í stjórn: Elínborg Siggeirsdóttir/Sólveig Friðriksdóttir, Guðberg K. Jónsson/Sigurður Sigurðsson og Tryggvi B. Thayer. Aðilar að stofunni 2020 voru um 40. Einn stjórnarfundur var haldinn árið 2020.

Rannsóknir, þróunarstarf og samstarfsverkefni

Aðilar RANNUM hafa verið virkir í fjölmörgum smærri og stærri rannsóknum, samstarfsverkefnum og/eða þróunarverkefnum. Árið 2020 setti COVID-19 heimsfaraldurinn stórt strik í reikninginn enda hafði hann í för með sér mikla aukningu í fjar- og netnámi og notkun upplýsingatækni í menntun en þau málefni eru helstu viðfangsefni stofunnar. Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu verkefni á árinu.

Rannsóknir um áhrif COVID-19 á nám og kennslu í grunn- og framhaldsskólum

RANNUM aðilar (Sólveig J., Salvör, Skúlína, Þuríður, Torfi Hjartarson og Svava Pétursdóttir) tóku þátt í rannsóknum á vegum Menntavísindastofnunar um áhrif COVID-19 á skólastarf (sjá https://mvst.rhi.hi.is/grunnskoli_covid/). Um vorið settu aðilar fram rannsóknarspurningar sem tengdust netnámi og nýtingu stafrænna lausna og sömdu spurningar á þá spurningalista sem fóru út til kennara og stjórnenda allra grunn- og framhaldsskóla. Niðurstöður voru birtar á ráðstefnum og tvær greinar voru ritaðar. Kom önnur þeirra út í þemahefti Netlu um rannsóknir á þessu sviði á árinu.

Eftirfarandi eru kynningar og skrif eru tengdar þessum rannsóknum:

Þuríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir. (2020). Fjarkennsla og stafræn tækni í framhaldsskólum á tímum farsóttar vorið 2020: Sjónarhóll kennara og stjórnenda. *Netla, Sérnit - Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19*. <https://netla.hi.is>

Sólveig Jakobsdóttir, Salvör Gissurardóttir, Skúlína H. Kjartansdóttir, Svava Pétursdóttir og Torfi Hjartarson. (Lagt fram til birtingar). Netkennsla og stafræn tækni í grunnskólum á tímum farsóttar vorið 2020: Sýn kennara.

Sólveig Jakobsdóttir. (2020, 10. september). Fjarkennsla og stafræn tækni á tímum covid. Erindi á málþinginu *Kófið og menntakerfið: Áskoranir og tækifæri*, Reykjavík. <https://www.facebook.com/events/2152980811506140/>

Gréta B. Guðmundsdóttir, Sólveig Jakobsdóttir, Torfi Hjartarson, Salvör Gissurardóttir, Skúlína H. Kjartansdóttir og Svava Pétursdóttir. (2020, Október). Nýting stafrænnar tækni og netkennsla: Skammtímalausnir eða þróun til framtíðar. Erindi á *Menntakviku - árlegu þingi Menntavísindasviðs*, Reykjavík. <https://menntakvika.hi.is/malstofa/ahrif-covid-faraldursins-a-grunnskola-og-tomstundastarf-i-landinu-a-lidnu-vori-seinni-hluti/>

Þuríður tók þátt í sjálfstæðri rannsókn á áhrifum COVID-19 á stúdenta í HÍ sem birtust í skýrslu.

Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir. (Nóvember 2020). Viðhorf stúdenta til breytinga á námi og kennslu í HÍ vegna COVID-19-farsóttar á vormisseri 2020. Spurningakönnun meðal stúdenta við Háskóla Íslands í maí 2020. Menntavísindastofnun, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands <https://menntavísindastofnun.hi.is/sites/default/files/2020-11/NemendurCovidNirdurstodur.pdf>

Þá var send inn umsókn í júlí um styrk til RANNÍS um framhaldsrannsóknir á þessu sviði (Verkefnið *Nethæf - Netnám og stafræn hæfni: Skólaþróun á tímum farsóttar*).

Digichild - Nordic Research Network on Digitalising Childhoods (DigiChild)

RANNUM tók þátt í netverkinu *Nordic Research Network on Digitalising Childhoods (DigiChild)* með norrænum styrk (NOS-HS workshop grant) fyrir árin 2019-2020/21. Verkefnið er undir forystu University of Helsinki. Sjá verkefnisvef <http://www.digichild.net/>. Sólveig og Skúlína taka þátt í verkefninu og einnig Sólveig Zophoníasdóttir sem er doktorsnemi við Menntavísindasvið og aðili að RANNUM. Þá taka doktorsneminn Dagbjört Guðmundsdóttir og Dr. Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor í íslenskri málfræði við Hugvísindadeild, einnig þátt í netverkinu.

Netverkið hefur unnið að útgáfu bókar sem kemur væntanlega út hjá Routledge 2021: *Nordic Childhoods in the digital age: Insights into contemporary research on communication, learning and education*.

Ritstjórar eru: Kristiina Kumpulainen, University of Helsinki, Anu Kajamaa, University of Helsinki, Ola Erstad, University of Oslo, Åsa Mäkitalo, University of Gothenburg, Kirsten Drotner, Southern University of Denmark, og Sólveig Jakobsdóttir.

Tveir kaflar eru frá íslensku þátttakendum

- Digital language contact between Icelandic and English: The effect of increased English input on Icelandic children's language use. Dagbjört Guðmundsdóttir, Iris Edda Nowenstein, Sigríður Sigurjónsdóttir & Eiríkur Rögnvaldsson, University of Iceland, Iceland
- Enhancing ideation and design literacy via playful making in a Virtual Learning Makerspace. Skúlína Hlíf Kjartansdóttir & Gisli Thorsteinsson, University of Iceland, Iceland

Símenntun kennara á sviði upplýsingatækni og opið netnám

Styrkur fékkst úr Kennslumálasjóði HÍ árið 2018 til að hanna og kenna opið netnámskeið um sköpunarsmiðjur (snillismiðjur, gerver, e. makerspaces). Af ýmsum ástæðum, meðal annars vegna COVID-19 faraldursins hefur dregist að koma því verkefni af stað en til stendur að bæta úr því þannig að það geti verið í boði á næstu misserum.

Önnur verkefni: samstarfsnet, útgáfa, þróunarstarf o.fl.

RANNUM aðilar hafa unnið að þýðingu og prófun á *SELFIE verkfærinu Evrópska sjálfsmatsverkfærið SELFIE (Self-reflection on Effective Learning by Fostering the use of Innovative Educational technologies, sjá https://ec.europa.eu/education/schools-go-digital/about-selfie_en)*. SELFIE er nokkurs konar leiðarlykill um stafræna hæfni í skólaþróun á sviði upplýsingatækni. Skólar geta skrá sig á vef á vegum Evrópusambandsins (https://ec.europa.eu/education/schools-go-digital_en) og lagt fyrir endurteknar kannanir meðal stjórnenda, kennara og nemenda um stöðu viðkomandi hópa varðandi tæknilega innviði, stafrænt læsi og nýtingu stafrænnar tækni í námi og kennslu. Kannanirnar samanstanda af tugum spurninga. Þátttakendur geta valið um fjölmörg tungumál, bæði varðandi kannanir og skýrslur sem kerfið býr sjálfkrafa til með niðurstöðum strax og könnun er lokið. Sólveig J. og Svava P. hafa unnið með Þorbjörgu St. Þorsteinsdóttur frá Reykjavíkurborg og sex meistaranemum við að þýða verkfærið á íslensku. Það samstarf hófst vorið 2019 og var 1. útgáfa af íslensku þýðingunni sett inn á viðkomandi vef og prófuð í desember í tveimur skólum sem tveir meistaranemanna kenna við. Íslenskan

var 32. tungumálið sem verkfærið var þýtt á. Fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis hafði einnig aðkomu að verkefninu. Mjög gott samstarf var við aðstandendur SELFIE á vegum Evrópusambandsins sem gerðu þýðinguna aðgengilega á vef sínum. Þessi vinna var kynnt á Menntakviku 2020.

Björg Melsted, Birna Friðgeirsdóttir, Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, Sólveig Jakobsdóttir og Svava Pétursdóttir. (2020, Október). Selfie – matstæki um upplýsingatækni í skólastarfi: Þýðing og prófun í íslenskum skólum. Erindi á Menntakviku - árlegu þingi Menntavísindasviðs, Reykjavík. Sótt af <https://menntakvika.hi.is/malstofa/stafræn-tækni-nam-og-menntun/>

Á haustmisseri 2020 hélt svo þessi þróunarvinna áfram í samvinnu Sólveigar, Svövu og fjögurra meistaranema sem prófuðu íslenskuðu útgáfuna og endurbættu hana (sem Evrópska SELFIE teymið hafði sett inn á SELFIE vefsvæðið). Verkfærið var þá prófað í 3 grunnskólum á landsbyggðinni og einum framhaldsskóla. Fyrsta útgáfa var lagfærð og nýr hluti af verkfærinu þýddur sem snerist um netkennslu (kom upp vegna COVID). Þá voru einnig gerðar þýðingar á efni sem tengist sjálfvirkri útprentun á skýrslum þátttökuskóla. Nú er svo komið að SELFIE verkfærið er tilbúið til notkunar á íslensku og geta þá íslenskir skólar nýtt það til þess að meta stöðu stafrænnar hæfni í sínum skólum. Einnig má nýta verkfærið í rannsóknum og þróunarstarfi og mati á skólastarfi.

Þuríður Jóhannsdóttir vann með Amalíu Björnsdóttur prófessor á MVS að *rannsóknum á stöðu og bakgrunni stúdenta í grunnnámi* á MVS haustið 2019 og á árinu 2020 komu út skýrslur um nemendahópana alls 14 skýrslur sem Menntamálastofnun gaf út, sjá yfirlit hér <https://uni.hi.is/thuridur/research-and-evaluation-reports-in-icelandic/>

Grein um hluta þessara rannsókna birtust í alþjóðlegu ráðstefnuriti

Jóhannsdóttir, Thuríður & Björnsdóttir, Amalía. (2020). *Online teacher education: A way to create more diverse teacher workforce*. Í M. Brown, M. Nic Giolla Mhichil, E. Beirne og E. Costello (ritstj.) *Proceedings of the 2019 ICDE World Conference on Online Learning* (1. bindi, bls. 476–484). Dublin: Dublin City University. <http://dx.doi.org/10.5281/zenodo.3804014>

RANNUM aðilar tóku þátt í norræna samstarfsnetinu [DICOMTEN](#): *Digital competence in teacher training in the Nordic countries*. Um er að ræða netverk styrkt af Nordplus Higher Education Project – NPHE–2020/10184. Það lýtur að eflingu stafrænnar hæfni í kennaramenntun. Vegna Covid aðstæðna var starf netsins 2020 eingöngu rafrænt og voru að jafnaði zoom málstofur mánaðarlega. Íslenskir þátttakendur í netinu eru Salvör Gissurardóttir, Skúlína Kjartansdóttir, Sólveig Jakobsdóttir, Svava Pétursdóttir og Torfi Hjartarson. Salvör og Skúlína kynntu íslensk þróunarverkefni á málstofum 2020.

Skúlína, Svava og Torfi birtu á árinu grein í vef tímaritinu *Frontiers in Education*, sem var m.a. unnin með úr gögnum frá MAKEY-verkefninu (2017–2019):

Kjartansdóttir, S. H., Hjartarson, T. & Pétursdóttir, Svava. (2020). Of Women Tech Pioneers and Tiny Experts of Ingenuity. *Frontiers in Education*, 5(160). doi:10.3389/educ.2020.00160

Einnig héldu þau erindi á árinu um þetta efni:

Kjartansdóttir, S. H., Hjartarson, T. & Pétursdóttir, S. (2020). Frumkvöðlastarf kvenna um sköpun með tækni í skólastarfi [Agency of women with creative technologies in compulsory schools in

Iceland], given at the conference Þjóðarspeglir, at the Department of Sociology of the University of Iceland, 30.10.2020, in Reykjavík.

Nokkrir af rannsakendum stofunnar (Skúlína, Torfi, Svava) taka þátt í *Rannsóknarhópnum AUSTVEF* (Austur-vestur framkvæmd og fræði) sem hóf samstarf við þrjá grunnskóla í Reykjavík um rannsókn á þróunar og samstarfsverkefni skólanna Austur-vestur tækni og sköpunarsmiðjur haustið 2019. Samstarfið er á vegum rannsóknarstofanna RANNUM og RASK. Hópurinn sinnir einnig ráðgjöf samhliða gagnaöflun og greiningu gagna. Á grundvelli þeirra gagna voru haldin nokkur erindi á árinu:

Skúlína Hlíf Kjartansdóttir. (2020). Austur-Vestur sköpunarsmiðjur: hálfnað verk þá hafið er Erindi flutt á ráðstefnunni Menntakviku 2020, sem haldin var á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, 2.10.2020, í Reykjavík.

Torfi Hjartarson. (2020). Samstarfsverkefni Austur-Vestur: Sýn á verkefnið og tækifæri þriggja skóla. Erindi flutt á ráðstefnunni Menntakviku 2020, sem haldin var á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, 2.10.2020, í Reykjavík.

Svava Pétursdóttir (2020). Sköpunarsmiðjur og samspil við námsgreinar grunnskólans. Erindi flutt á ráðstefnunni Menntakviku 2020, sem haldin var á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, 2.10.2020, í Reykjavík.

Skúlína átti þátt í skrifum umsóknar um rannsóknarsamstarfið *MIDDIS - RISE* rannsóknar- og mannaskiptaverkefni (um sköpunarfærni barna í samfélaginu), en styrkur fékkst ekki í verkefnið.

Sólveig J., Salvör, Svava og Sólveig Zophoníasdóttir doktorsnemi við Menntavísindasvið og aðili að RANNUM tóku á árinu þátt í *Bakhjarlsverkefninu: Fjarmenntabúðir: Stuðningur háskóla við skólastarf með stafrænni tækni*. Menntabúðir eru óformlegir viðburðir þar sem fólk kemur saman til að kenna hvert öðru og læra saman til dæmis á nýja tækni, forrit, tæki og tól. Áhersla er á jafningjafræðslu og tengslamyndun. Hér á landi hefur þessi leið verið að ryðja sér til rúms í grunn- og framhaldsnámi kennaranema við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, í starfsþróun kennara í öllum landshlutum og innan skóla á mismunandi skólastigum með þátttöku kennara, nemenda og fleiri hópa. Á undanförunum árum hefur verið unnið mikið þróunarstarf með þátttöku RANNUM-aðila í kennaramenntun og starfsþróun kennara sem tengist þessari tegund af viðburðum. Þegar COVID skall á af fullum þunga í mars 2020 tóku aðilar frá Menntavísindasviði HÍ og Kennaradeild HA höndum saman undir forystu Sólveigar J. og í samstarfi við fjölmarga aðila. Gerðar voru tilraunir með að bjóða upp á menntabúðir á neti – eða fjarmenntabúðir. Áhersla í þeim var á að kynna möguleika og tæknilausnir í fjar- og netnámi fyrir skólafólk á vettvangi sem stóð frammi fyrir lokunum skóla og/eða takmörkunum á venjulegu skólahaldi vegna COVID-19 faraldursins. Hópurinn stóð fyrir þremur fjarmenntabúðum á vormisseri 2020 (26.3., 16.4. og 9.5.) og var þetta eitt af Bakhjarlsverkefnum Menntavísindasviðs til að styðja við skólastarf í veirufaraldrinum (sjá <http://bakhjarl.menntamidja.is/frjoir-fimmtudagar-fjarmenntabudir/>). Búðirnar voru mjög vel sóttar alls staðar að af landinu og var hægt að nálgast upplýsingar um kynningar og í flestum tilvikum upptökur á vef verkefnisins (<https://sites.google.com/view/fjarmenntabudir/>). Yfir 400 manns mættu þegar yfir lauk á 51 kynningu. Kannanir í kjölfar viðburðanna sýndu að þátttakendur voru mjög ánægðir með þetta námsform og að fá tækifæri að miðla reynslu og læra af öðrum. Í umræðum í lok búða kom einnig fram að mikill áhugi var um að áframhald yrði á framboði á fjarmenntabúðum með svipuðu sniði. Styrkur til samfélagsvirkni fékkst í kjölfarið frá HÍ og voru því fleiri fjarmenntabúðir haldnar skólaárið 2020-2021, þar af einar í desember 2020. Afrakstur af verkefninu má m.a. sjá af eftirfarandi birtingum:

Sólveig Jakobsdóttir og Hróbjartur Árnason. (2020, October 23). Development of online educamps during the covid-19 pandemic. Veggspjald á The 11th EDEN research workshop - EDENRW11 - Enhancing the human experience of learning with technology: New challenges for research in digital, open, distance & networked education, Lisbon. <http://www.eden-online.org/events/research-workshops/>

Sólveig Jakobsdóttir og Hróbjartur Árnason. (2020). Development of online educamps during the covid-19 pandemic. Í S. K. Softic, A. Teixeira og A. Szucs (ritstj.), Enhancing the human experience of learning with technology: New challenges for research in digital, open, distance & networked education (bls. 59-63). Lisbon: European Distance and E-Learning Network. http://www.eden-online.org/wp-content/uploads/2021/01/RW11_SPB_v5.pdf

Sólveig Jakobsdóttir. (2020, október). Fjarmentabúðir í starfspróun kennara: Viðhorf og reynsla þátttakenda. Erindi á *Menntavísindasviðs* - árlegu þingi Menntavísindasviðs, Reykjavík. <https://menntavika.hi.is/malstofa/fjarmentabudir-studningur-haskola-vid-skolastarf/>

Salvör Gissurardóttir og Sólveig Zophoníasdóttir. (2020, október). *Hvaða form og skipulag er heppilegt fyrir fjarmentabúðir – gátlisti*. Erindi á *Menntavísindasviðs* - árlegu þingi Menntavísindasviðs, Reykjavík. <https://menntavika.hi.is/malstofa/fjarmentabudir-studningur-haskola-vid-skolastarf/>

Sólveig Jakobsdóttir. (2020). Menntabúðir í starfspróun kennara: Geta þær virkað á netinu? *Skólaþræðir*, 9/4. <https://skolathraedir.is/2020/04/09/menntabudir-i-starfsthroun-kennara-geta-thaer-virkad-a-netinu/>

Um fjöllun um verkefnið má einnig finna á vef HÍ t.d. var þessi frétt skrifuð eftir fyrsta viðburðinn 26.3. af þremur https://www.hi.is/frettir/hatt_i_200_sottu_menntabudir_a_netinu Þá er um fjöllun um verkefnið á skýrslu Menntavísindasviðs um Bakhjarlsverkefnið <https://ugla.hi.is/kerfi/view/page.php?sid=2970> Samstarfsmenn í Bakhjarlsverkefninu voru í upphafi: Sólveig Jakobsdóttir, Hróbjartur Árnason, Ingvar Sigurgeirsson, Salvör Gissurardóttir, Svava Pétursdóttir Menntavísindasviði HÍ, Sólveig Zophoníasdóttir og Kristín Dýrfjörð, HA. Ingileif Ástvaldsdóttir (HÍ) bættist í hópinn um haustið ásamt Valgerði Gunnarsdóttur (HA) og Sigurbjörgu Jóhannesdóttur (HÍ).

Árið 2020 var viðburðarríkt hjá Tryggva Thayer, kennsluþróunarstjóra MVS, eins og hjá mörgum í samfélaginu. Í upphafi 2020 var nýtt alþjóðlegt verkefni nýkomið í gang, *Partnership for Sustainable Development and Social Innovation (PASSION)* og nóg af spennandi verkefnum framundan. Einnig hafði fengist styrkur úr Tækjakaupasjóði til kaupa á fjærverum fyrir Menntavísindasvið. En þá kom Covid 19... Vegna samkomutakmarkana og annarra Covid 19 tengdra áskorana þurfti að sinna fjölda ófyrirséðra verkefna: flytja þurfti kennslu á netið vegna niðurfellingar staðbundinnar kennslu, hætta þurfti við kaup á tækjum vegna lokanna hjá framleiðendum (fjærverur), alþjóðleg verkefni fóru í biðstöðu vegna ferðatakmarkanna, vinnustofur og námskeið fyrir kennara HÍ þurfti að færa í netvænt form, og margt fleira. Ferlið hefur allt verið mjög lærdómsríkt en um leið erfitt og krefjandi. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður hefur margt áunnist í Covid 19 faraldrinum. Þekking og reynsla á fjarkennsluháttum hefur stóraukist á öllum stigum menntakerfis landsins. Samhliða því hafa rannsóknir tengdar fjar- og netkennslu aukist til muna, sem og fjárveitingar til slíkra rannsókna. M.a. var um haustið 2020 auglýst sérstök úthlutun hjá Erasmus+ til verkefna tengd kennslu í Covid 19. Sótt var um styrk í samstarfi við aðila frá Finnlandi, Spáni, Belgíu og Grikklandi til að kanna áhrif aðstæðna í faraldrinum á frumkvöðlamennt. Verkefnið, sem nefnist *Digital Firefly*, hlaut styrk og hefst í mars 2021. Ætlunin er að safna gögnum um kennsluhætti sem notaðir voru til að viðhalda frumkvöðlafræðslu og útbúa stafrænt námsefni fyrir kennara. Menntavísindasvið HÍ leiðir verkefnið. Í *PASSION verkefninu* var áætlunin að skipuleggja vinnustofur um samfélagslega nýsköpun og tilviksnám (e. case-based learning) í háskólakennslu, sem þátttakendur og samstarfsfólk þeirra myndu sækja. Þurfti svo að endurskipuleggja verkefnið og útkoman varð að rannsókn á námi með gagnaukunum

tilvikum (e. digitally enhanced case-based learning). Vinnustofur þurfti svo að útfæra fyrir stafrænan veruleika og verða þær haldnar á netinu 2021.

Helstu verkefni í deiglu stuðningsaðila

Menntamiðja

Árið 2020 var Menntamiðjan sett í endurskoðun og komu nýir verkefnisstjórar, Oddný Sturludóttir og Ingunn Eypórsdóttir, inn í það ferli. Verkefnið breyttist töluvert í þessu ferli og verður kynntur nýr vefur snemma 2021 sem ætlaður er að endurspeglar breytingarnar. Stór þáttur í starfsemi Menntamiðju í framtíðinni verður svo í tengslum við s.k. Menntafléttur, starfsþróunarnámskeið á netinu fyrir starfandi kennara.

Heimili og skóli - SAFT verkefnið

Hjá Heimili og skóla stendur SAFT verkefnið mjög vel. SAFT stóð fyrir ýmsum viðburðum, gaf út fræðsluefni fyrir börn og fullorðna og tók þátt í fjölda verkefna þar sem jákvæð notkun netsins og annarra nýmiðla var til umfjöllunar. Ungmennaráð SAFT (UngSAFT) er virkjað í hugmyndavinnu. Dæmi um viðburði eru rafræn fræðsla á Foreldradaginn, Alþjóðlegi netöryggisdagurinn í febrúar og Dagur gegn einelti. Fræðsluerindi voru haldin um allt land fyrir nemendur, kennara, foreldra, starfsfólk heilsugæslu og þjónustumiðstöðva og fyrir leik-, grunn-, og framhaldsskóla en yfir skólamánuðina eru haldin 2-3 erindi á viku. Á árinu færðist fræðslan að mestu yfir á netið í gegnum fjarfundarbúnað. Fjarfræðslunar vöktu lukku hjá hinum fullorðna og var mæting áberandi betri þegar frætt var í gegnum Zoom en þegar við komum á staðin. Við sjáum því fyrir okkur að fjarfræðsla haldi áfram í einhverri mynd eftir faraldurinn. Haldið var áfram að kynna nýjan og endurbættan ábendingarhnaup. Unnið var að gerð nýrrar kennslubókar sem heitir Allir um borð til Netbæjar sem ætlunin er að gefa út árið 2021. SAFT leiðir Evrópuráðsverkefni um hatursorðræðu á netinu *Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð* fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Íslands, SAMFÉS, Landssamband æskulýðsfélaga og Æskulýðsvettvanginn.

Fagfélagið 3f, félag um upplýsingatækni og menntun

Að venju þá sinnir fagfélagið 3f, félag um upplýsingatækni og menntun, ýmsum málefnum tengdum upplýsingatækni í menntun í samstarfi við KÍ.

Fagfélagið 3f, félag um upplýsingatækni og menntun og SEF, samtök um endurmenntun framhaldsskólakennara, stóð fyrir árlegu sumarnámskeiði framhaldsskólakennara 8.–9. júní og nú eingöngu í gegnum netið þar sem erfitt var fyrir marga að sækja námskeiðið vegna Covid-19. Þar með gátu mun fleiri sótt námskeiðið, fleiri en nokkru sinni fyrr enda var metþátttaka. Fyrirlestrar og umræður fóru fram í gegnum kennslukerfið Moodle hjá Verzlunarskóla Íslands. Á námskeiðinu var kynning á fyrirbærinu hlaðvarp (Podcast) og þjálfun í að setja saman eigið hlaðvarp með þar til gerðum vél- og hugbúnaði. Einnig var fjallað um hlaðvörp sem gætu reynst áhugaverð fyrir kennara og sýnt hvernig hægt er að nýta þau sem öflugt verkfæri í bæði námi og kennslu.

Kennarar á námskeiðinu voru Sigurður Fjalar Jónsson, kennari í FB, Anna Marsibil Clausen, dagskrárgerðarmaður RÚV og Ólafur Jónsson, hlaðvarpari.

Til að gefa innsýn í efni námskeiðsins þá er hér smá sýnishorn af því sem fjallað var um en það er Anna Marsibil, dagskrárgerðarmaður á RÚV, sem fjallar hér um fyrirbærið hlaðvarp í stuttu máli.

https://www.youtube.com/watch?v=noCfmFrzEI4&feature=emb_logo

Sumarnámskeiðin eru ætluð framhaldsskólakennurum og þeim að kostnaðarlausu. Hér er tengill í frétt um námskeiðið á vefsíðu 3f: <http://www.3f.is/2020-sumarnaacutemskeieth.html> og á fésbókarsíðunni 3f. Fagfélagið hefur einnig sett fram fyrirlestra um sama efni á fésbókarsíðu félagsins.

Kynningarstarfsemi, málþing og erindi

RANNUM bauð upp á tvær málstofur um stafræna hæfni og fjarmenntabúðir með sex erindum og einu hringborði á Menntakviku. RANNUM aðilar tóku einnig þátt í nokkrum öðrum málstofum á Menntakviku með framlögum meðal annars um áhrif COVID-19 á skólastarf og þróunarstarf í samvinnu við Reykjavíkurborg (Látum draumana rætast). Sjá <http://skrif.hi.is/rannum/menntakvika/menntakvika-2020/>. Þá veittu RANNUM aðilar Menntavísindastofnun ráðgjöf um mögulegar útfærslur og nýtingu netlausna þar sem færa þurfti Menntakviku alfarið á netið vegna COVID-19.

RANNUM var með erindi á málþinginu Kófið og menntakerfið: Áskoranir og tækifæri sem haldið var í samvinnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins 10. september.

Tengslanet á vegum RANNUM á Ning er með 327 skráða. Vef RANNUM á <http://skrif.hi.is/rannum> hefur verið haldið úti ásamt Facebook-hóp fyrir aðila stofunnar.